



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



24.10 2003– 25.01 2004

Myndlistarhúsið á Miklatúni The Art Hall on Miklatún

Kjarvalsstaðir í 30 ár / Kjarvalsstaðir for 30 years



Frá opnun Kjarvalsstaða, Kristján Eldjárn, Hannes Kr. Davíðsson og Birgir Isleifur Gunnarsson

THE ART HALL ON MIKLATÚN

When asked to write on the thirty year anniversary of the art centre which was built in the vicinity of the disappeared manor of Sunnuhvolur the mind automatically wanders even further back in time. The building that was called Kjarvalsstaðir was originally intended to replace the old Listamannaskáli in Kirkjustræti where the service-pavilion of the Althing is now. The Listamannaskáli had played its part for nearly three decades and was almost in ruins, having originally been built with insufficient means but with great vision and determination – with left-over boards and second-hand timber from wooden crates, then it was covered with tar paper. Unfortunately the maintenance was not as it should have been.

I still remember a great deal of the unwritten history of the building. At an early age I took to frequenting all sorts of happenings about town, remember the first art show I stumbled upon which was held in Garðyrkjuskálinn on the corner of Túngata and Garðastræti. This was probably around the same time that the Listamannaskáli was being built. Óli Maggadon was there – friend of Kjarval, a self proclaimed keeper of the gates and preserver of the art work, he was as fascinating to us, the little people, as the exhibition itself. There was less happening in town back in those days but among the curiosities were peculiar persons one met in the streets. On our way home to Rauðarárstígur, which was then on the outskirts of town, we might come across the German lady with rabies as she made her way noisily across Austurvöllur and on Laugavegur run into the flamboyant Kai Milner – also a friend of Kjarval – with beads that hung from his neck down to his toes and a horde of kids following him around. The Danes sent all kinds of oddballs to the province, people they had no room for and thought could prosper in the more spacious north. Icelanders were quick to return these strangers after the War but little is known of celebrations in the Danish harbours with sitar and song as the Icelanders did when the Danes returned the manuscripts years later. Sometimes we would catch the bus that drove down Freyjugata just to see the statues in Ásmundur's garden, our faces glued to the windows.

The Listamannaskáli was opened in the autumn of 1942 and it was not long until I became a regular guest there where one could pop by at any hour as it was open from 10am-10pm, and I did so, even though it was twice the price of a trip to the cinema. This is what Reykjavik was like almost sixty years ago

MYNDLISTARHÚSIÐ Á MIKLATÚNI

Hugurinn reikar ósjálfrátt til baka þá fjallað skal um þrjátíu ára vigsluafmæli listamiðstöðvarinnar sem reis í nágrenni hins horfna höfuðbóls Sunnuhvols. Byggingin, sem fékk nafnið Kjarvalsstaðir, átti upprunalega að koma í stað Listamannaskálans gamla við Kirkjustræti, þar sem Þjónustuskáli Alþingis trónir nú. Skálinn hafði vel á þriðja tug ára skilað hlutverki sínu á eftirminnilegan hátt. Hann var löngu úr sér genginn og að falli kominn, byggður af vanefnum en af stórhug og framsýni, helst úr ýmsum tilfallandi tréborðum, jafnvel kassafjöllum, loks klæddur með tjörupappa. Viðhald hans er fram leið var þó ekki sem skyldi.

Sjálfur kann ég í stórum dráttum ennþá óskráða sögu skálans fór enda snemma að venja komur mínar á alls kyns uppákomur í bænum, man eftir fyrstu listsýningunni sem ég rataði inn á og haldin var í Garðyrkjuskálanum svonefnda á mótum Túngötu og Garðastrætis, trúlega á líkum tíma og Listamannaskálinn var í byggingu. Þar var Óli Maggadon, góðvinur Kjarvals, sjálfskipaður dyravörður og verndari listaverkanna, sem ekki vakti minni athygli okkar smáfólksins sem höfðum haft samfylgd á gjörninginn. Öllu minna að ske í bænum í þá daga, en meðal þess sem lyfti hugarum var skrítið fólk á fórnunum vegi. Á heimleiðinni á Rauðarárstíginn, sem þá var á bæjarmörkunum, hefðum við allt eins getað mætt þýsku konunni með hundæðið þar sem hún stikaði með látum þvert yfir Austurvöll, en á Laugaveginum hinum skrautlega Kai Milner með perlufesti sem náði niður í tær og hjörð af krökkum á eftir sér, einnig vinur Kjarvals. Til hjálendunnar sendir allskyns furðufuglar sem herraþjóðinni fannst ofaukið í sínum ranni, trúlega hugnaðist mönnum að meira olnbogarymi væri fyrir þá á norðurslóðum. Íslendingar munu svo hafa verið snöggir að skila liðinu til baka eftir stríð,



Reykjavíkurskákamót 1973

en litlar sögur fara af því að Danir hafi fagnað því á hafnarbakkanum með sífarspili og söng, svona líkt og landinn handritunum löngu seinna. Stundum gerðum við okkur líka til dundurs að taka strætó sem ók niður Freyjugötuna til að bera augum stytturnar í garðinum hans Ásmundar með andlitin fastklemmd í rúðunum.

Listamannaskálinn var vígður að haustnóttum 1942, hafði svo ekki starfað í mörg ár áður en ég varð þar fastagestur, en þangað inn gat maður litið á öllum tímum dags, opnunartími frá 10-10, lét sig hafa það þótt það kostaði tvöfalt meira en í bíó. Þannig var umhverfið í Reykjavíkurbæ fyrir liðlega sextíu árum og hollt að líta um öxl. Engir minntust Listamannaskálans gamla á fimmtíu né sextíu ára afmæli hans, markaði þó mikil tímamót, heil átta þúsund manns komu á fyrstu sýninguna, ellefu þúsund á sýningu Kjarvals sama ár, margfalt fleiri en á nokkrar aðrar myndlistarsýningar í höfuðborginni fram að þeim tíma.

Aðdragandinn að byggingu listaskála í túninu við Sunnuhvol var langur og strangur, fæðingarhríðarnar erfiðar, en það heyrir öðrum vettvangi að fjalla ítarlega þar um. Þó rétt og skylt

and it is good to look back. Nobody remembered the old Listamannaskáli on its fiftieth or its sixtieth anniversary, even though these anniversaries were great milestones, eight thousand people came to the first exhibition, eleven thousand to Kjarval's exhibition in the same year, a record attendance at the time in the capital.

The run-up to the building of an art house on the field near Sunnuhvolur was a long and difficult process but this is another story. However it should be mentioned that difficulties in starting out the operations and the debates that followed adversely affected the vigor of Icelandic art. The dust has never quite settled and many continue to state that the operations have moved away from their original intentions and expectations. Many need to take a look at themselves, their obsession, eccentricity and political opportunism which has always been a liability in the development of Icelandic art; worst of all is that it was mainly the artist that were to blame in the devaluation of the former greatness, determination and vision. If artists had paid more attention to open and normal procedures that would have been better for them as a whole, and for the citizens of the town, they would surely have been more successful.

að reifa lauslega að mörg ljón urðu á veginum; slysalega gekk að koma starfseminni í eðlilegt horf og deilurnar sem upp risu höfðu óheillvænleg áhrif á döngun íslenskrar myndlistar. Storminum svo aldrei lægt með öllu, starfsemin þykir af mörgum hafa fjarlægst upprunalegan tilgang og væntingar. Purfa hér ýmsir að líta í eigin barm fyrir sérvisku, þráhyggju og pólitíska hentisemi, sem alla tíð hefur verið helstur dragbítur í þróun íslenskrar myndlistar, lakast að listamennirnir sjálfir áttu helst hlut að máli, gengisfall á fyrri stórhug, fórnarlund og framsýni. Borðleggjandi að mál hefðu skipast í farsælli farveg ef listamenn hefðu hugað meira að opnum og eðlilegum starfsháttum, sem heildinni gagnaðist helst, höfuðborgarbúum um leið.

Mál vandast enn þegar litið skal til starfseminnar innan hússins, vegna margra eftirminnilegra viðburða sem ekki verður gert upp á milli, helst minnst ég Samnorrænu sýningarinnar í húsinu öllu 1972, ári fyrir vigslu þess og Haustsýninga FÍM á fyrstu starfsárunum, vegna uppgangs, velgengi og aðsóknar, hefði auðveldlega getað markað upphaf að varanlegri samræðu. Einnig annarra reglu-bundinna framkvæmda þar sem almenningi gafst að líta vinnubrögð myndlistarmanna í víðu samhengi eins og Septem og sýninga Listmálara-félagsins, þá viðameiri yfirlitssýninga nafnkenndra listamanna og hinna mörgu viðburða í tengslum við Listahátíð í Reykjavík. Lakari þátturinn yfir-stýrðir og hlutdrægir gjörningar sem hafa fengið fjölda fastagesta til að snúa baki við staðnum án sýnilegrar endurnýjunar. Öllu máli skiptir að vekja áhuga og forvitni fólks, þrýsta þétt og fast í hendur þess með lifandi og svipmikilli aðkomu, fá það til að stíma á svæðið með eftirvæntingu.

Hvað sjálfa bygginguna snertir var í engu hugað að varðveislu jarð- né mannlegra geymda í nágrenninu; Sunnuhvals, Klambra né hins stílfagra húss Háteigs á mótum Lönguhlíðar, nú eitt uppistandandi byggt 1919. Vil hér einkum minnst hins yndisþokkafulla stórbýlis Sunnuhvals, hvar á síðasta áratug nítjándu aldar var gerð góð bújörð úr grjótholti og fúamýri, allt til fyrirmyndar og framfara í jarðbótum, mannlegri reisn og virkt, þar enn fremur frjósemistöð hvert eigendur nautgripa í nágrenninu komu með þá gangmála. Á svipaðan hátt skal það einnig vera með listamiðstöðvar, að menn nálgist þær með væntingar um magnþrungnið líf, verði um leið lostnir frjómögnum og kraftbirtingi allífsins.



Things become even more complicated when we turn to the operations in the building, because of the numerous events that are difficult to discriminate one from the other. I will however mention the Nordic Exhibition that was in the whole building in 1972, a year before the formal opening of the house and the Autumn exhibitions of FÍM during the first years which on account of their success could easily be seen as the start of an enduring discussion. There were also other regular happenings where the public could see the works of artists in a wider context such as Septem and the exhibitions of the Painters' Society, and of course retrospective exhibitions of various known artists and the numerous events in relation to the Reykjavik Art Festival. The worse part is the curated and one-sided happenings that have chased off many of the museum's regulars without any apparent revival. It is crucial to arouse interest and curiosity, take people by the hand with a vibrant and impressive approach, get them to flock to the area full of expectation.

As regards to the building itself, there was no thought given to the preservation of the land or human relics in the area: Sunnuhvolur, Klambra or the picturesque house Háteigur on the corner of Langahlíð, the building from 1919 which is the only one that is left. I would also like to remember the graceful manor of Sunnuhvolur where people turned rocky terrain and marshland into prosperous farmland in the last decade of the nineteenth century, a great example in development and land improvement, human dignity and respect; this was a centre of fertility where farmers brought their cattle for insemination. The same should go for art centres; people should approach them with expectations of poignant life and become stricken with fruitfulness and the manifestations of existence.

INNGANGUR

Í þrjátíu ár hefur myndlistarhúsið á Miklatúni – Kjarvalsstaðir verið einn mikilvægasti vettvangur myndlistarlífsins á Íslandi.

Alls hafa verið haldnar á fimmta hundrað listsýningar í húsinu á þessum þremur áratugum. Meðal þeirra er að finna fjölda sýninga á verkum innlendra og erlendra listamanna af öllum kynslóðum og í öllum hugsanlegum miðlum – einkasýningar, samsýningar, yfirlitssýningar – sýningar sem hlutu almennt lof og aðdáun, sýningar sem sem vöktu undrun og umræðu, og loks sýningar sem urðu ýmsum tilefni til hneykslnar eða fordæmingar.

Hin fjölbreyttu viðbrögð við sýningum á Kjarvalsstöðum í gegnum árin eru þannig líflæg dæmi um með hvaða hætti listin nær að snerta við fólk, og er það vel; þannig hefur myndlistin sannanlega verið virkur þáttur í íslensku menningarlífi, og starfsemin á Kjarvalsstöðum verið mikilvægur hluti í þeirrar umræðu, sem skapast hefur um listmenningu í landinu.

Ýmsar deilur hafa orðið um rekstur Kjarvalsstaða í gegnum tíðina, sumar meira áberandi en aðrar. Fyrstu tvo áratugin var húsið að talsverðum hluta leigt út til sýninga, en síðasta áratuginn hafa allar sýningar verið haldnar í boði húsráðenda, þó enn sé deilt um það fyrirkomulag.

En það er fleira en myndlist, sem hefur átt heima á Kjarvalsstöðum undanfarna áratugi. Tónleikar, danssýningar, fundir af ýmsu tagi, kosningar, frímerkjasýningar, alþjóðleg skákmót – viðburðirnir sem Kjarvalsstaðir hafa hýst eru jafn fjölbreyttir og þeir eru margir. Því má með fullum rétti tala um að húsið hafi verið rekið þessi þrjátíu ár sem menningarmiðstöð, ekki síður en sem sýningahús.

Saga Kjarvalsstaða verður ekki sögð með einni sýningu, en engu að síður er reynt að veita hér innsýn í starfsemi hússins. Þetta er meðal annars gert með tilvísunum til sýninga, ljósmyndum frá starfseminni, aðgangi að úrklippusafni hússins, og viðtölum við forstöðumenn og listráðunauta. Sú mynd sem þannig fæst af starfseminni er ekki tæmandi, en gefur gestum tækifæri til að rífa upp ýmsa þætti í litskrúðugri sögu menningarhúss, sem hefur verið einn af hornsteinum menningarlífs í Reykjavík síðustu þrjá áratugi.

*Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur*

INTRODUCTION

The art hall on Miklatún – Kjarvalsstaðir – has been one of the most important venues of the Icelandic art scene for thirty years.

Close to five hundred different exhibitions have opened there in the last three decades. Among them are exhibitions of the works of local and foreign artists of all generations and in all sorts of mediums – solo exhibitions, co-exhibitions, retrospective exhibitions – praised and greatly acclaimed exhibitions, exhibitions that surprised and brought about discussion and finally exhibitions that shocked and were even condemned.

The diverse reaction to Kjarvalsstaðir's exhibitions in the past years are therefore a vibrant example of how art can move people, and that is positive; in this way the visual arts have truly been an active aspect of Icelandic cultural life and activities at Kjarvalsstaðir have been an important part of the ongoing discussion on art culture in the country.

Various debates have risen through the years about the management of Kjarvalsstaðir; some discussions have been louder than others. The building was often rented out during the first two decades for exhibitions but in the past decade all exhibitions have been by invitation of the house, even though controversy has surrounded this arrangement.

But it has not only been the visual arts that have been offered a place in Kjarvalsstaðir in the past decades. Concerts, dance, all sorts of conferences, elections, postal-stamp exhibitions, international chess tournaments – the events that Kjarvalsstaðir have housed are as diverse as they are numerous. It can therefore be rightly said that the house has operated as a culture centre for these past thirty years as much as a gallery.

Kjarvalsstaðir's history can not be told with a single exhibition but nevertheless we have tried to give some sort of insight into the operations and functions of the house. This is among other things, done with references to exhibitions, photographs from events, access to the scrapbooks and interviews with directors and artistic advisers. The picture we draw from such an exhibition is not exhaustive but it offers a chance to recollect certain aspects of the colourful history of a culture centre which has been one of the cornerstones of cultural life in Reykjavík in the past three decades.

*Eiríkur Þorláksson,
Director of Reykjavík Art Museum*

Kjarvalsstaðir

Flókagötu - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 517 1290 Fax: (354) 562 6191

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15

Fastasýning / Permanent exhibition

Myndir úr Kjarvalssafni / Works from the Kjarval Collection

24. október – 25. janúar 2004

Myndlistarhúsið á Miklatúni – Kjarvalsstaðir í 30 ár /

The Exhibition Hall at Miklatún – Kjarvalsstaðir for 30 years

Sunnudag 9. nóvember kl. 15

Sýningarstjóraspjall. Eiríkur Þorláksson.

Sunnudag 23. nóvember kl. 15

Sýningarstjóraspjall. Aðalsteinn Ingólfsson.

24. október – 25. janúar 2004

Ferðafuða – sýning á miniatúrum /

Buckled up – an exhibition of miniatures

Sunnudag 16. nóvember kl. 15

Gjörningur og sýningarstjóraspjall.

Anna Richardsdóttir og Harpa Björnsdóttir.

Hafnarhús

Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201

Opið daglega / Open daily 10-17

Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15

Fastasýning / Permanent exhibition

Erró – Stríð / Erró - War

20. september – 2. nóvember

Úr byggingarlistarsafni /

From the Architecture Collection

Sunnudag 19. október kl. 15.00

Sýningarstjóraspjall.

Pétur H. Ármannsson deildarstjóri

byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

20. september – 2. nóvember

Yfir bjartsýnisbrúna – samsýning alþýðulistar og samtímalistar / Across the Bridge of Optimism

20. september – 2. nóvember

Vöggvísur / Lullabies

15. nóvember – 21. desember

Valin verk - Dominique Perrault, arkitekt /

Morceaux choisis - Dominique Perrault, architecte

Sunnudag 7. desember kl. 15

Leiðsögn. Pétur H. Ármannsson deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur.

15. nóvember – 4. janúar 2004

Ólafur Magnússon, ljósmyndari /

Photographer Ólafur Magnússon

Sunnudag 16. nóvember kl. 15

Sýningarstjóraspjall. Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari og sérfræðingur við myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

Sunnudag 30. nóvember kl. 15

Sýningarstjóraspjall. Inga Lára Baldvinsdóttir, deildarstjóri myndadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

Sunnudag 14. desember kl. 15

Sýningarstjóraspjall. Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari og sérfræðingur við myndadeild Þjóðminjasafns Íslands.

17. janúar – 14. mars 2004

Ólafur Elíasson – Einkasýning / Solo exhibition

Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201

Opið alla daga / Open daily

1. maí - 30. september 10-16

1. október - 30. apríl 13-16

20. maí – 11. maí 2004

Ásmundur Sveinsson - Nútímamaðurinn / The Modern Man

Sunnudagur 26. október kl. 15

Pétur H. Ármannsson deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur leiðir skoðunarferð um húsið.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll hús.

The admission ticket is valid on the same day for all three houses.

Veitingastofur Kjarvalsstaða og Hafnarhússins eru opnar á opnunartíma safnanna.

Cafés at Kjarvalsstaðir and Hafnarhús are open during museum hours.